


## LESBÓK

MORGUNBLADSINS

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík.  
Framkvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórnar: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.


## Forsíðan

er af myndverki listakonunnar Yoko Ono, sem nú stendur yfir í Vestursal Kjarvalsstaða og endar 2. júní. Þetta er konseptlist, eða hugmyndalist, sem listakonan hefur lagt stund á í 30 ár. Það var SÚM-hópurinn sem fyrst kynnti Íslendingum þessa stefnu um og uppúr 1970. Eftir 1980 virtist hún á hverfanda hveli, en hefur verið að sækja í sig veðrið aftur uppá síðkastið. Oft er unnið með skrifaða texta og það gerir Yoko Ono einnig. Það sem prentað er á forsíðuna eru „Helsingar“, samstilling hluta, sem sagaðir hafa verið í tvennt.



## Laxdæla

er ein af perlum íslenskra fornsagna og menn halda áfram að undrast örlög þeirra Kjartans og Bolla, svo og giftuleysi Guðrúnar Ósvífursdóttur. Þegar farið er um Dalasýslu, minna bæjanöfn eins og Höskuldastaðir og Sælingdalstunga á þetta fólk, sem heldur áfram að lifa með þjóðinni. Um það skrifar Benedikt Benediktsson.



## Bræðra- borgarstígur

er reykviksk söguslöd og Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur, heldur áfram að rifja upp sitt hvað um húsin þar og fólk, sem í þeim bjó, t.d merkishjónin Margrét Sveinsdóttur og Hjört Jónsson, sem bjuggu í dálitlum steinbæ, Reynimel, ásamt stórum barnahópi.



## Rúss-arnir

mega nú mála næstum eins og þeim sýnist, en fátt merkilegt þykir fæðast í myndlist austur þar og ber þeim mun meira á stælingum á Vesturlandalist.

GRÍMUR THOMSEN

## Þorbjörn kólka

Á áttæringi einn hann reri,  
ávallt sat á dýpstu miðum,  
seggur hafði ei segl á kneri,  
seigum treysti hann axlaliðum;  
enginn fleytu ýtti úr sandi,  
ef að Þorbjörn sat í landi.

Á Olnbogamið er inn hann kemur,  
ofsarok af landsynningi  
sópar loft og sjóinn lemur  
saman og upp í skafla-bingi;  
ein þar hrökklast ferðlaus ferja,  
fyrðar uppgefnir að berja.

Vissu þeir, að veðurglöggur  
var hann eins og gamall skarfur,  
hjálparþurfum hjálparsnöggur,  
í hættum kaldur bæði og djarfur;  
forustu garpsins fylgdu allir,  
en - flestir reru skemmra en kallinn.

Tók hann skipið í togi á ettir,  
tveimur árum hlýddu bæði,  
fótinn annan fram hann réttir,  
fleyin óðu á bægslum græði;  
bólgnar skafi til beggja handa,  
bognir menn í austri standa.

Spölu er út að Sporðagrunni,  
Spákonufell til háls þar vatnar,  
og hverfur sveit í svalar unnir,  
sækja færri þangað skatnar.  
Einn þar færi um gildar greipar  
í góðu veðri Þorbjörn keipar.

Annad skip með ýta þjáða  
upp hann tók á Bjargamiði,  
fram þá rétti hann fætur báða,  
flutu þrjú með sama sniði.  
Öll þau lentu heil á hófi,  
en - heldur sár var Þorbjörns lófi.

Sér hann upp að sorta dregur  
suður yfir Kaldbakstindi,  
hankar uppi, heim er vegur  
helzt til langur móti vindi;  
tekur Þorbjörn þá til ára,  
þykkar loft og ýfist bára.

Margar fórust fiskisnekkjur  
fyrir Skaga sama daginn,  
margar konur urðu ekkjur,  
yndi og stoð þær misstu í sæinn.  
En - þar var eigi Þorbjörn nærri,  
þær hefðu annars verið færri.

Grímur Thomsen, f. 1820, d. 1896, fæddist á Bessastöðum og varð stúdent þaðan 1837. Meistarapróf í samtímabókmenntum tók hann frá Hafnarháskóla 1845 og doktorsgráðu hlaut hann 1854. Hann starfaði um tíma í dönsku utanríkisþjónustunni, en gerðist bóndi á Bessastöðum eftir 1867 og um tíma átti hann sæti á Alþingi.

## R A B B

Nýju fötin frambjóðandans taka iðulega miklum stakkaskiptum á einni nóttu - og breytast í gamlan valdsmannsbúning þess sem náð hefur kosningu. Fyrir slíkrri breytingu er nánast söguleg hefð og á ekki að koma nokkrum manni á óvart. Samt sem áður finnst mér svolítið gaman að fylgjast með þeim hamskiptum sem ýmsir frambjóðendur taka eftir að þeim hefur verið tryggð atvinna af stjórn málu næstu fjögur árin eftir kosningar. Þeir sem ekki ná að tryggja sér öruggt sæti hverfa af sjónarsviðinu eins og dögur fyrir sólu og oftast minnast þeirra fáir fyrr en þeir skjóta upp kollinum á frambjóðlistum fyrir næstu kosningar og reyna enn á ný að klifra upp valdastiga stjórnmalanna.

Frambjóðandinn á frambjóðgallanum í kosningabaráttunni síðustu vikurnar fyrir kosningar er hinn alþýðlegi föðurlands- og mannvinnur, sem af einskærum náungakærleik vill hvers manns vanda leysa, til sjávar sem sveita og að sjálfsgöðu einnig í öllum þéttbýliskjörnum okkar strjálbýla lands.

Frambjóðandinn talar ekki eins og sá sem valdið hefur, enda er hann aðeins að bjóða sig fram til þess að ná langþráðum völdum og áhrifum, eða að fá endurnýjað umboð kjósendans til þess að halda um valdatauminn í eins og fjögur ár enn. Frambjóðandinn verður því að vera landsföðurlegur, ábyrgur, málefnalegur, stefnufastur, skondinn og skemmtilegur þegar það á við. Hann leggur sig líka í líma við að vera vinsamlegur við

## Að skipta um ham

fjölmíðlafólkið, sem er að frambjóðandans mati með þarfari þjóðfélagsþegnum síðustu vikurnar fyrir kosningar. Frambjóðandinn er jafnan reiðubúinn til viðtals, að nóttu sem degi, hvort sem er fyrir dagblöð, tímarit, sjónvarp eða útvarp. Hann er reiðubúinn til þess að leggja á sig nánast hvað sem er, til þess að þjóðin velkist nú ekki í nokkrum vafa um hvers hún fer á mis, ef hún velur ekki einmitt hann á valdastól. Hann gerir sér jafnvel grein fyrir því að hann einn býr yfir lífsannleik sem engum öðrum er kunnugt um, og því gerir hann það af hreinni þjónustulund við þjóðina að hafa samband við fjölmíðil eða fjölmíðla, og hvíslar því svona eins og af tilviljun að hann/hún muni á þessum stað og þessari stundu vilja deila sínum lífsins sannleik með þjóðinni og uppsker að minnsta kosti þakklæti fyrir kurteis sakir frá fjölmíðlungnum.

Þá er komið að merkmum tímamótum í lífi frambjóðendanna, kjósendanna og fjölmíðlanna - sjálfum kjórdegi. Öllum fagurgala er lokið, áróðurinn hættur, formannaslagnum í sjónvarpinu einnig, sem þjóðin hafði beðið eftir eins og knattspyrnuáhugaþjóð bíður með óþreyju eftir úrslitaleiknum í fótboltanum. Nú er ekkert eftir nema njóta þess augnabliks, þegar að því kemur að einstaklingurinn trúir því, eitt andartak, að hann, með sínu eigin X-i geti haft áhrif. En hvað svo? Hversu lengi varir sú tilfinning?

ing? Örskamma stund hjá flestum, en kannski lengur hjá þeim sem nokkrum klukkustundum síðar komast í sigurvinnu við það að heyra að „þeirra flokkur“ fór með sig af hólmi. Auðvitað er það líka túlkunaratriði hver vann, og eðli málsins samkvæmt reyna flestir að túlka niðurstöður sér í hag, því sigur er ávallt sætari en ósigur. Og svo getur viss léttir verið í því fölginn að geta hugsað: „Úff, ég gerði rétt!“

Það er einmitt að loknum þessum tímamótadegi, kjórdeginum, sem ákveðinn fjöldi frambjóðenda, einkum þeirra sem ekki fengu hraksmánarlega útreið og þurrkuðust út, skiptir um galla. Svíptir sér úr frambjóðandagallanum og klæðist á nýjan leik valdsmannsgallanum, sem um nokkurra vikna skeið hefur verið falinn niðri í kistu. En „nota bene“, honum var aldrei fleygt, aðeins settur til hliðar um stundarsakir, á meðan reynt var að endurnýja valdaumboðið í nafni okkar dýrmætasta orðs, lýðræðis.

Nú eru valdsmennirnir aftur komnir í uppáhaldsklæðnað sinn, enda fjögur ár í það að þeir þurfi á nýjan leik að villa um fyrir kjósendum. Þeir þurfa nú að fá frið til þess að reka kompaníð Ísland hf. og til að svo megi verða, þurfa þeir að fá frið til þess að semja leikreglur hlutafélagsins og ákveða hversu margir og hversu stórir hluthafarnir verða. Þá horfir dæmið náttúrulega öðru vísi við, og engin þörf er á að sinna skyldu, sem

margur stjórnmalamaðurinn man einungis eftir í eins og fjórar vikur á fjögurra ára fresti - upplýsingaskyldu. Nú er valdsmáðurinn ekki reiðubúinn til þess að ræða hvað sem er við fjölmíðlana lengur, ekki nema í styttingi, skætingi, útúrsmúningi og af hroka - hroka þess sem valdið hefur. Nú hentar það ekki lengur valdsmanninum að tjá sig um hitt eða þetta, upplýsa hitt eða þetta, vera við og þar fram eftir götum. Valdsmáðurinn hefur fengið umboð sem gildir í fjögur ár, og minnugur þess að skammtíaminni er síður en svo einskörðað við Steingrím Hermannsson getur hann haldið út í kjörtímabilið, vitandi það að hann kemst upp með það eftir tæp fjögur ár að svipta sér úr valdsmannsgallanum og skella sér í frambjóðandapússið í nokkrar vikur, án þess að við á fjölmíðlungnum æmtum eða skræmtum. Hann veit líka að ef hann getur dregið nógu girnilegar tertur upp úr kosningakofforti sínu að fjórum árum liðnum, og veifað framan í okkur á fjölmíðlungnum, þá komum við hlaupandi, tökum myndir, tökum viðtöl, skrifum fréttir og greinar. Hvað er þá að óttast? Nákvæmlega ekki neitt.

Falleg mynd? Nei, hún er ófögur, en sönn, því miður er hún alveg dagsönn. Ekki eru allir valdsmennirnir á þessari ófögru mynd, sem betur fer! Sumir breytast ekki við það að öðlast völd og áhrif, aðrir eru nýir og ferskir í stjórn landsmálanna og hafa enn ekki tamið sér nýja hlutverkið. Kannski breytast þeir aldrei, en það er nú fremur sagt af óskhyggju en raunsæi.

AGNES BRAGADÓTTIR